



help
me

Annað sjálf

Zelda er í flestum leikjum prinsessa, endurholdguð gyðja þekkingar, og Link er endurholdgaður hýsill hugrekksis. Fyrir vikið fær Zelda það hlutverk að vera, líkt og Peach, rænt af Ganondorf og það er á ábyrgð Links að bjarga Zelda. Í síðum kjól með kórónu og hanska er ef til vill ekki skritið að Zelda eigi erfitt með að berjast gegn mannræningja sínum. Zelda hefur þó stundum tekið málin í sínar eigin hendur. Í *Legend of Zelda: Ocarina of Time* (Nintendo, 1998) kynnist spilarinn karakternum Sheik, hæfum bardagamanni sem aðstoðar Link. Seinna kemur svo í ljós að Sheik er annað sjálf (e. Alter ego) Zelda sem koma átti spilaranum á óvart, vegna karllægra eiginleika Sheiks. Sheik er gott dæmi um sterka kvenkaraktera en líkt og Samus í *Meteroid* (Nintendo, 1986) er hann aðeins enn eitt dæmi um að fela þurfi kvenleika til að karakter geti verið álitinn sterkur. Stundum eru svo mikil skil á milli Sheiks og Zelda að þeim er skipt upp í tvo karaktera t.d. í víxlbardagaleiknum (e. Crossover fighting game) *Super Smash Bros. for Nintendo 3DS and Wii U* (Nintendo, 2014). Þegar Sheik flettir af sér dulargervinu og játar fyrir Link að hann sé í raun prinsessan er henni fljótt rænt og hefur Link þá enn meiri ástæðu til að bjarga konungsríkinu.

Biðandi...

Þessi tugga (e. Trope) er siendurtekin í Zelda leikjum og í *The Wind Waker* (Nintendo, 2002) þar sem við kynnumst sjóræningjaforingjanum Tetru sem er mun færari karakter en Link. Þegar það kemur í ljós að hún er í raun Zelda prinsessa er henni umsvifalaust rænt og breytt frá liðtækum hlíðarkarakter yfir í brúði í bágingdum. Í *Breath of the Wild* sem kom út 2017 frá Nintendo, fær Zelda mun stærra hlutverk innan sögunnar. Í leiknum safnar spilari minningabrotum og fær endurlit yfir liðin ár. Þar kynnumst við Zelda og baráttu hennar við að læra á töfrakrafta sína og undirbúa sig fyrir stríð gegn Ganondorf. Því miður er ástæðan fyrir því við sjáum allar þessar upplýsingar í endurliti sú að Zelda er föst í kastalanum sínum og hefur beðið í 100 ár eftir að Link komi og bjargi henni. Almennt séð virðist Nintendo hvorki vera tilbúið að gefa Zelda stöðu sem karakter sem þarfnast ekki björgunar né sem aðalpersónu, því Link hefur engan tilgang ef hún er jafn fær og hann.

